



## Félag háskólakennara

### 2. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn miðvikudaginn 7. júní í Bændahöllinni kl. 11:45

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Arngrímur Vídalín, Haukur Logi Karlsson og Ármann Höskuldsson. Íris Davíðsdóttir og Jóna Margrét Ólafsdóttir boðuðu förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 23. maí 2023.
2. Fundargerð aðalfundar félagsins 11. maí sl.
3. Ályktun á aðalfundi félagsins 11. maí sl.
4. Undirbúningur að kröfugerð, næstu skref.
5. Heimasíða Félags háskólakennara. Ráðning nema til aðstoðar.
6. Samráðsnefndarfundur um kjaramál 24. maí sl.
7. Norrænn fundur – Ísland 2023.
8. Spurningar til lögmanns BHM vegna kennslu umfram starfsskyldur.
9. Fundur með FPR um kjaramál föstud. 2. maí sl.
10. Húsnæðismál félagsins.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 23. maí 2023

Fundargerð samþykkt.

#### 2. Fundargerð aðalfundar félagsins 11. maí 2023

Fundargerð samþykkt með lítilsháttar leiðréttingum.

#### 3. Ályktun á aðalfundi félagsins 11. maí 2023.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á aðalfundi félagsins 11. maí 2023:

*„Aðalfundur Félags háskólakennara 11. maí 2023 ályktar að öllu akademísku starfsfólki skuli standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði fyrir gagnagreiningu, ritstörf, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Háskóli Íslands skal taka til fullra varna gegn stjórnvöldum fari þau fram á að vinnuaðstaða starfsfólks sé skert, enda gangi stofnunin út frá því að hún sé sjálfráða um tilhögun húsnæðis síns, þar sem Háskólaráð fer með fyrirvar með 60% hluta í Fasteignum Háskóla Íslands ehf.,“*

Ályktunin hefur nú þegar verið send á félagsmenn og birt á heimasíðu félagsins. Ákveðið var að senda hana á háskólaráð og á Félag háskólakennara á Akureyri.

#### 4. Undirbúningur að kröfugerð

Málið rætt. Ákveðið var að stjórn félagsins hefji undirbúning að kröfugerð félagsins strax að loknu sumarfríi. Ákveðið var að hafa sérstakan stjórnarfund 9. ágúst nk. þar sem kjaramál og undirbúningur kröfugerðar (gagnasöfnun) verði efst á dagskrá.

## 5. Heimasíða Félags háskólakennara

Framkvæmdastjóri sagði frá viðræðum við vefstjóra HÍ vegna nema til aðstoðar við færslu gagna á nýja heimasíðu og útlit hennar. Vefstjóri telur að verkefnið gæti numið um tveggja mánaða vinnu og laun nema miðast launaflokk L030 skv. launatöflu S, skv. kjarasamningum félagsins. Málið rætt.

Ákveðið var að ráða nema í tveggja mánaða vinnu við verkefnið, launaflokkur 03, þrep 0 skv. launatöflu 695, kr. 462.586 á mánuði, ásamt greiddu orlofi.

## 6. Samráðsnefndarfundur um kjaramál, 24. maí sl.

Baldvin sagði frá og eftirfarandi málefni voru rædd:

- Breytingartillaga að stofnanasamningi: HÍ kynnti drög vegna launaröðunar aðjúnkta II sem fara í gegnum grunnmat, sem fyrirhugað er að leggja fyrir fjármálanefnd. Ýmsar hugmyndir ræddar en ekkert ákveðið. Fh fer fram á síkka S-töflu um tvö launaflokka sbr. FHA og stigamörk verði brytt á hægri ás sbr. stofnanasamning FPR.
- Einstaklingsmál. Fh ítrekar að fá svör og HÍ mun svara mjög fljótlega.
- Yfirvinna í læknadeild sem rædd var á síðasta fundi nefndarinnar. Fh sendi erindið á samradsnefnd.is en hefur ekki fengið svör. Félagið ítrekar að um brot á kjarasamningi er að ræða ef sannarlega unnin og samþykkt yfirvinna er ekki greidd. HÍ mun skoða málið.
- Álagsgreiðslur deildarforseta. Málið rætt og hingað til hafa slíkar greiðslur ekki verið greiddar sérstaklega, nema með auka stigum í vinnumati vegna stjórnunar og minnkun á kennsluskyldu.
- Doktorsnemar og launakjör. Fh hefur óskað eftir greiningum á kjörum og réttindum þeirra. HÍ mun skoða málið.
- Bókanir með stofnanasamningi í aðdraganda síðustu kjarasamninga. Frestað.
- Greiðslur fyrir vinnu á Háskóladeginum. Fh óskar eftir samræmingu á greiðslum milli sviða og starfsheita. HÍ mun skoða málið.
- Veikindaréttur nema og nýdoktora. Fh spyr hvort ákvörðun fjármálanefndar frá september 2021 (tölvupóstur GRJ dags. 7. mars 2022) hafi verið sett í verklagsreglur og kynntar á sviðum skólans. HÍ skoðar málið.
- Starfsheitið nýdoktor. Hugmyndir að útræslum eða breytingum ræddar. Frestað til næsta fundar.
- Könnun á styttingu vinnuvikunnar og símamál. Frestað
- Samruni Raunvísindastofnunar og HÍ. Fh ítrekar að ganga þurfi úr skugga að þrep fyrir skilgreinda kennsluskyldu sérfræðinga skv. stofnanasamningi HÍ nái til þeirra sérfræðinga sem voru undir stofnanasamningi Raunvísindastofnunar, þar sem ekki var búið að semja um þrepið. Málið rætt. Aðilar sammála um að bera þarf saman stofnanasamning Raunvísindastofnun annars vegar og HÍ hins vegar og ganga úr skugga um að engin atriði verði útistandandi, kjaralega og réttindalega.
- Breytingar á reglum vinnumatssjóðs. Frestað.

Ekki fleira rætt á fundinum en annar fundur ákveðinn 29. júní 2023.

Baldvin sagði frá málefnum aðjúnkta II. Umræður um kjör aðjúnkta II hafa átt sér stað á milli Baldvins og formanns samráðsnefndar um kjaramál (GRJ), eftir samráðsfund 24. maí sl. HÍ hefur haft áhyggjur af því að kjör aðjúnkta II sem sækja um grunnmat skv. stigakrefi eins og stofnanasamningurinn segir til um, hafi hækkað of mikið og fjöldi þeirra sem óska eftir grunnmati fjölgar ört. Það hafi ekki verið hugsunin með orðalagi greinar um aðjúnkta II í stofnanasamningi að sjálfkrafa hækkun komi til, án þess að fyrir liggi rannsóknarvirkni. Því hefur HÍ lagt til að skilyrða heimildina við lágmarks stigafjölda. Ýmsar hugmyndir og vangaveltur hafa verið ræddar á milli formannanna, en ekkert ákveðið. GRJ nefndi við Baldvin að leggja fram minnisblað um stöðu málsins við fjármálanefnd HÍ. Í ljós kom hins vegar að minnisblaðið, þar sem búið var að skilyrða lágmarks stigafjölda ( 50 stig) til að geta óskað eftir grunnmati, hafði verið tekið til afgreiðslu og samþykkt í Háskólaráði. Þessi gjörningur og breyting á stofnanasamningi var án aðkomu og samþykktar félagsins.

Baldvin hefur rætt við GRJ vegna þessa og látið í ljós mikla óánægju með þessa framkvæmd. Baldvin óskar eftir álit stjórnarmanna á þessu og ítrekar að félagið muni fara fram með miklum þunga vegna þessa. Hann óskar eftir hugmyndum. Málið rætt. Í aðdraganda kjarasamninga gerði félagið bóknair í

stofnanasamningi sem eru ekki útfærðar. Framkvæmdastjóra falið að gera drög að breytingum á stofnanasamningi Fh og HÍ í samræmi við bókanirnar og sem lögð verða fyrir HÍ.

#### **7. Norrænn fundur – Ísland 2023**

Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála vegna fundarinn sem verður haldinn eftir fimm daga. Undirbúningur hefur gengið vel, dagskráin klár og engin ástæða til annars en að ætla að fundurinn verði góður.

#### **8. Lögfræðiálit vegna kennslufirvinnu**

Erindinu var vísað til stjórnar á aðalfundi félagsins í maí sl. Framkvæmdastjóri og formaður munu ganga í málið.

#### **9. Fundur með FPR, 9. maí sl.**

Jens sagði frá fundinum. Fundurinn var haldinn vegna ályktunar sem var til umræðu á aðalfundi FPR, en var vísað til stjórnar félagsins. Einnig um framtíð vinnumatkerfisins. Fundurinn var góður og m.a. ákveðið að félögin Fh og FPR leggi fram könnun til félagsmanna félaganna um áherslur þeirra vegna vinnumatkerfisins. Þá var einnig rætt um nauðsyn þess að félögin hafi áfram góða samvinnu og samstarf á komandi vetri í aðdraganda kjarasamninga.

#### **10. Húsnæðismál félagsins**

Baldvin sagði frá viðræðum sem átt hafa sér stað milli Fh og FÍN vegna samstarfs og húsnæðismála. Ljóst er að félagið þarf að finna nýtt húsnæði í ágúst nk., þar sem framkvæmdir á Hótel Sögu gera það að verkum að ekki er lengur hægt að hafa starfsemi félagsins þar.

#### **Önnur mál.**

- Fjármálaráðueytið hefur verið í sambandi við félagið vegna heildartexta kjarasamnings. Í drögum sem félaginu var send er orðalag bókarar um 0,1% eins og hjá öðrum félelögum BHM. Orðalag sömu bókarar hjá Fh er með öðrum hætti. Þrátt fyrir að Fh vilji hafa sama orðalag og BHM var samþykkt að benda fjármálaráðuneytinu á þetta misræmi.
- Félagamaður sendi félaginu erindi þann 1. júní síðastliðinn. Í póstinum er útlistuð bág staða doktorsnema þar sem laun þeirra hafa lengi verið óbreytt vegna samspils styrkja (Rannís) og stofnanasamnings félagsins. Ákveðið var að senda erindið á samráðsnefnd um kjaramál HÍ og Fh.
- Rætt um hugsanlega ferð stjórnarmanna til Akureyrar til að styrkja enn frekar samstarf félagsins og FHA. Engin ákvörðun tekin.
- Arngrímur ræddi um sjálfstæði HÍ gagnvart stjórnvöldum.
- Ákveðið var að næsti fundur stjórnar verði haldinn 9. ágúst næstkomandi. Sá fundur verður helgaður kjaramálum, gagnasöfnun og undirbúningi kjarasamningsgerðar.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:20.

Næsti fundur 9. ágúst 2023.